

Nr. 1025

20. nóvember 2013

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Molduhrauns, Austurhraun 9.

Breytingin nær til lóðarinnar Austurhrauns 9 og gerir ráð fyrir því að nýtingarhlutfall lóðarinnar hækki úr 0,6 í 0,8, að byggingarreitur stækki til norðurs sem nemur 28 x 170 m og að lóð stækki til austurs að Austurhrauni sem nemur 380 m². Að öðru leyti gilda áfram deiliskipulagsákvæði Molduhrauns.

Deiliskipulag miðbæjar, efra svæði, Garðatorg 2 og 4.

Breytingin gerir ráð fyrir því að íbúðum á lóð nr. 4 við Garðatorg verði fjölgað um 2 en fækkað um 2 á lóð númer 2. Engin breyting verður á byggingarmagni enda gilda önnur deiliskipulagsákvæði áfram.

Ofangreindar deiliskipulagsbreyting hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 20. nóvember 2013.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2013